

REGLUGERÐ

**um (13.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008
um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla, I. viðauka, skal öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 270/2012 frá 26. mars 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amíðsúlfúrón, asoxýstróbín, bentasón, bixafen, sýprókónasól, flúópýram, imasapik, malaþíón, própíkónasól og spínósáð í eða á tilteknun afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012, frá 8. desember 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, frá 7. febrúar 2013, bls. 341.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2012 frá 16. apríl 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klóþýralíð, dímetómorf, fenpýrasamín, fólpét og pendímetalín í eða á tilteknun afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013, frá 2. febrúar 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, frá 28. mars 2013, bls. 260.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2012 frá 24. maí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, bífentrín, boskalíð, kadúsafos, klórantranilípról, klórþalóníl, klóþianidín, sýprókónasól, deltametrín, díkamba, difenókónasól, dínókap, etoxasól, fenpýroxímat, flúbendíamíð, flúdioxóníl, glýfosat, metalaxyl-M, meptyldínókap, nóvalúrón, þíametoxam og tríasófos í eða á tilteknun afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013, frá 2. febrúar 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, frá 28. mars 2013, bls. 340.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 473/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir spínetóram (XDE-175) í eða á tilteknun afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013, frá 2. febrúar 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, frá 28. mars 2013, bls. 488.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fóðureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum.

Nr. 400

30. apríl 2013

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. apríl 2013.

F. h. r.

Halldór Runólfsson.

Eggert Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2013